

Sp.

211. Tillaga til þingsályktunar

[143. mál]

um Flóa- og Skeiðaáveiturnar.

Flm.: Jörundur Brynjólfsson, Sigurður Ó. Ólafsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa þriggja manna nefnd til að rannsaka, hvernig hagfelldast sé að haga framræslu á Flóaáveitusvæðinu, með sérstöku tilliti til þurrkunar lands hinna ýmsu jarða svæðisins til túnræktar og með hliðsjón af viðhaldi áveitunnar á jörðum, er hennar hafa veruleg not.

Einnig athugi nefndin sérstaklega, hvort ástæða sé til þess að gera breytingar á Flóaáveitulögum vegna aukinna framkvæmda á áveitusvæðinu og breytts viðhorfs hinna ýmsu jarða til þeirra.

Nefndin skal þannig skipuð, að stjórnir Búnaðarfélags Íslands og Flóaáveitunnar tilnefna sinn manninn hvor, en landbúnaðarráðherra skipar þriðja manninn, og skal hann vera formaður nefndarinnar.

Enn fremur taki nefndin til athugunar á sama hátt ástand Skeiðaáveitunnar með tilliti til framræslu áveitusvæðisins og viðhalds áveitunnar.

Þegar nefndin vinnur að málefnum Skeiðaáveitunnar, leggi stjórn Skeiðaáveitunnar til einn mann í nefndina, er landbúnaðarráðherra samþykkir, enda taki nefndarmaður sá, er stjórn Flóaáveitunnar tilnefndi, ekki þátt í þeim störfum.

Jafnframt heimilast ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs 100 þús. kr. lán, er stjórnir áveitnanna kunna að taka innanlands til framræslu og umbóta á áveitusvæðunum næsta sumar, og fari um þær framkvæmdir eftir tillögum nefndarinnar.

Nefndin skili tillögum sínum og álitum til ríkisstjórnarinnar fyrir næsta Alþingi.

Greinargerð.

Þegar Flóaáveitan var upphaflega gerð, var skurðakerfi hennar við það eitt miðað, að það nægði til að flytja nægilegt vatn til áveitusvæðisins og flytja það burt aftur af áveitulöndunum. Í raun og veru var þessu verki aldrei til fulls lokið, og hefur það valdið sums staðar nokkru tjóni og óþægindum. Nú hafa ýmsir bændur á áveitusvæðinu hafizt handa um aukna túnrækt. Til þess að nokkur möguleiki gæti á því orðið, varð að auka skurðakerfið mikið frá því, sem það áður var.

Nú leikur bændum hugur á að halda þessu ræktunarstarfi áfram og hraða því eftir föngum, en til þess að svo megi verða, þarf að ræsa löndin miklu meira fram en enn er orðið. Er nauðsynlegt að stækka aðalskurðina mikið frá því, sem er, og búast má við, að aukin túnrækt víðs vegar um áveitusvæðið geri breytingar á skurðakerfinu óhjákvæmilegar. Áður en hafizt er handa um slíkt verk, er nauðsynlegt, að nákvæm athugun á landinu fari fram. Þetta landsvæði er svo stórt, að það er engin von til þess, að menn geti gert sér ljósa grein fyrir, hvernig framræslunni verði bezt hagað, án nákvæmrar rannsóknar á öllum staðhættum og aðstöðu hinna ýmsu jarða á áveitusvæðinu.

Í höfuðatriðum á hið sama við um Skeiðaáveituna og það, er nú hefur verið sagt um Flóaáveituna. Sömu viðfangsefni eru þar og sams konar þörf á, að þau verði leyst sem fyrst. Fer bezt á því, að athugun á löndum áveitujarðanna á Skeiðum fari fram um leið og Flóaáveitan er rannsökuð.